

VARAHLUTIR
Sendum um land allt.
Kaupum nýlega bíla til niðurrífs
Sími (91) 7-75-51, (91) 7-80-30.
Skem muvegi 20
HEDD HF. Kópavogi

Mikið úrval
Opíð virka daga
9-19 · Laugar-
daga 10-16
HEDD HF.



Gagnkvæmt tryggingafélag



Gabriel
HÖGGDEYFAR
GS varahlutir



Armúla 24
Sími 36510

„EKKI UM ANNAD ÆÐ RÆÐA EN LÆRA MÁLIÐ”

— rabbað við Randall Hyman, bandarískan ljósmyndara, sem hefur ferðast mikið um Ísland

„Ég kem með þessa ljósmyndasýningu hingað til Íslands, til þess að sýna þeim fjölmörgu Íslendingum sem aðstoðuðu mig dyggilega, þegar ég ferðast um Ísland til þess að ljósmynda ýmis náttúrufrábær landsins, árangurinn af starfi mínu”, sagði Randall Hyman, ungur Bandaríkjamannur, ljósmyndari og jarðfræðingur, í viðtali við Tímann, en Randall verður með sýningu á ljósmyndum sínum á Kjarvalsstöðum frá 15. til 31. janúar.

„Sýningin var sett upp í St. Louis”

— Ljósmyndari og jarðfræðingur — er það ekki fremur óvenjuleg samsetning?

„Jú, það má segja það, en ég fékk að stunda nám í tveimur ólíkum deildum, þegar ég var við háskólanám í Bandaríkjunum, og lagði ég því jafnhliða stund á jarðfræði, líffræði og ljósmyndun.

Þessi sýning sem ég kem núna með hingað til lands var sett upp í safni í St. Louis og stóð í tvo mánuði. Þegar henni lýkur hérna þá ferðast hún um Bandaríkin og verður sett upp á ýmsum stöðum.”


— Frá hvaða tíma eru þessar myndir?

„Ég kom hingað fyrst 1976 og fyrstu myndirnar eru frá þeim tíma. Ég ferðast um allt Ísland og tók myndir. Á þessari sýningu eru 67 litmyndir víðs vegar að á Íslandi, s.s. frá Kröflu, Vestmannaeyjum, Grimsey og Vigur.”

Randall sýnir blaðamanni nokkrar mynda sinna, sem birst hafa í bandarískum náttúrufræði- og landafræðitímaritum, og eru þær vægast sagt stórfallegar. Randall segist jafnframt skrifa greinarnar sem birtar eru með myndum hans sjálfur, enda séu þessar skoðunarferðir hans, jafnframt því að vera ljósmyndaferðir, jarðfræðikönnunarferðir.

Blaðamanni leikur hugur á að vita hvornig standi á því að Randall talar lýtalausa íslensku, með örliðum bandarískum hreim:

„Já, eins og ég sagði, þá kom ég hingað fyrst 1976 og nú er ég hérna í sjötta sinn. Ég ferðast mikið um landið í þessum heim-



■ Randall Hyman, ljósmyndarinn og jarðfræðingurinn sem opnar sýningu á ljósmyndum sínum frá Íslandi að Kjarvalsstöðum nú á föstudaginn. — Tímamynd — Ella

sóknum mínum en dvaldist þó oft talsverðan tíma á hverjum stað. Þegar ég dvaldist úti á landi, t.d. á einhverjum bóndabænum, þá var ekki um neitt annað að ræða fyrir mig en að læra málið, því heimamenn voru ef til vill ekki allt of vel að sér í ensku. Ég hef svo haft tækifæri til þess að viðhalda þessari íslenskukunnáttu minni þegar ég hef komið hingað aftur.”

Tekur nú myndir fyrir bókadeild National Geographic

— Kemur þú eingöngu hingað út af sýningunni þinni?

„Ég nota tækifærið fyrst ég er kominn hingað enn einu sinni og tek eitthvað af myndum fyrir bókadeild National Geographic, en eins og ég sagði áðan, þá kem

ég fyrst og fremst hingað til þess að sýna velgjörðarmönnum mínum árangur starfs míns hér á landi.”

Þess má geta hér, að sýning Randalls að Kjarvalsstöðum verður opin daglega frá 14 til 22, nema opnunardaginn því sýningun verður opnuð kl. 20 nú á föstudaginn og verður aðgangur ókeypis og öllum heimill.

— AB

Tíminn

Miðvikudagur 13. janúar 1982.

fréttir

Tvö gömul timburhús ónýt eftir bruna á Suðureyri

■ Um hálf sjöleytið í gærmorgun vöknudu íbúar á Suðureyri við Súgandafjörð upp við illan draum þegar brunalúður staðarins fór af stað. Kom í ljós að kviknað hafði í gömlum timburhúsum við Rómastíg 3 og 3a. Eru þetta sambyggð hús, annað þeirra forskalað en hitt járnklætt að utan.

Mikill reykur var þegar að var komið, og gekk erfiðlega að finna eldinn til að byrja með. Eftir að búið var að rjúfa þekjuna af húsunum og járnklæðningu af gaffli annars hússins kom eldurinn þó loksins í ljós í millipílinu á milli húsa. Slökkvistarfið gekk vel upp frá því, og var lokið fyrir klukkan átta árdagis.

Húsin eru nær ónýt eftir brunann. „Þau voru jú, léleg fyrir, en ég held að þetta hafi riðið þeim að fullu”, sagði Gestur Krstinson, hreppstjóri á Suðureyri, í samtali við Tímann í gær. Það var slökkvilið Suðureyrarhrepps sem annaðist slökkvistarfið.

— Kás

Blaðburðarborn óskast



Tímann vantar fólk til blaðburðar í eftirtalin hverfi:

TÚNGÖTU
GARÐASTRÆTI
SKJÓLIN
SÖRLASKJÓL

Tíminn Sími 86-300

dropar

Forvitnar sálir og Samtök '78'

■ Skömmu fyrir jólin héldu „Samtök '78' árs hátíð í Manhattan í Kópavogi, en sem kunnugt er þá eru umrædd samtök félagsskapur þeirra, sem fremur kjósa að samrekkja með einstaklingum af sama kynferði og þeir eru sjálfir.

Árshátíðin var auglýst í útvarpinu, sem olli því að

ýmsar forvitnar sálir komu sér fyrir í námunda við veitingahúsið í því skyni að svara löngun sinni til þess að fá barið augum félaga í ofangreindum samtökum. Um ellefuleytið um kvöldið lá við sjálfst að augun dyttu úr þeim sem lágu á gægjum, en þá tóku ýmsir þekktir broddborgarar að tínast út af veitingastaðnum. Þótti gægjurunum sem nú hefðu þeir heldur en ekki komist í feitan bita.

Skýringin fékkst ekki

fyrir en nokkru seinna, en hún var sem sé sú, að virðulegur rotary-klúbbur hafði haft húsið á leigu fyrri hluta kvöldsins — „Samtök '78' mættu ekki til leiks fyrir en seinna um kvöldið.

Áskorun til Moggans

■ Ritstjórn Morgunblaðsins gera sér ýmislegt til dundurs þessa dagana, þótt ekki hafi

þeir árangur sem erfiði við að ala á sundrunu og óánægju í íslensku þjóðfélagi. Í Mogganum í gær var áskorun á Tímann um að taka þátt í þeim ljóta leik, en að sjálfsögðu verður Mogginn láttinn einn um slíka iðju.

Hins vegar telur Tíminn rétt að svara áskorun með annarri áskorun. Þeir Moggamenn eru sem sagt mjög hvattir til þess að birta í blaði sínu, óstytta og óbreytta ræðu þá sem borgarstjóraefni Sjálfstæðismanna, Davíð



Oddsson, flutti í borgarstjórn Reykjavíkur síðla nætur aðfaranótt síðastliðins föstudags, þegar umræða um fjárhagsáætlun borgarinnar var á dagskránni.

Krummi ...

sér í Alþýðublaðinu að Jón Baldvin hefur tekið ákvörðun um að Sigurjón Pétursson hafi „kveikt á norska jólatrénu í síðasta sinn”. Er endanlega sloknað á Jóni?